

# **Verndar- og stjórnunaráætlun fyrir friðlandið í Ingólfshöfða**

Verk- og tímaáætlun

September 2017



UMHVERFISSTOFNUN

## Forsendur

Ingólfshöfði var gerður að friðlandi 1974 eftir að heimamenn lögðu það til að höfðinn yrði friðlýstur í minningu landnámsins. Höfðinn er nefndur eftir Ingólfi Arnarsyni, sem sagt er að hafi haft þar vetursetu fyrsta veturinn sem hann var á Íslandi. Minnisvarði um dvöl Ingólfs og Hallveigar konu hans er í höfðanum. Í Ingólfshöfða er að finna einstakt fuglalíf og smádýralíf og á höfðanum er bæði að finna grasi gróin svæði en einnig hrjóstrugt land, urð og grjót. Mörk friðlandsins mynda ferhyrning sem ná í um 100 metra fjarlægð út frá ystu klettanösum höfðans og er stærð friðlandsins 90 ha.

Samkvæmt 81. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd ber Umhverfisstofnun ábyrgð á að gerð sé stjórnunar- og verndaráætlun fyrir friðlýst svæði.

Í samstarfshóp um gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir friðlandið á Ingólfshöfða eiga sæti:

- Þórdís Björt Sigþórsdóttir, Umhverfisstofnun
- Hákon Ásgeirsson, Umhverfisstofnun
- Bryndís Bjarnarson, fulltrúi sveitarfélags Hornafjarðar
- Þorlákur Örn Bergsson, fulltrúi landeigenda
- Matthildur Unnur Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri *From Coast To Mountains*
- Einar Rúnar Sigurðsson, fulltrúi *From Coast to Mountains*

## Almennt um verkefnið

Stjórnunar- og verndaráætluninni er ætlað að fjalla um markmið verndunar friðlandsins og hvernig stefnt skuli að viðhaldi verndargildis svæðisins í anda sjálfbærrar þróunar og í samræmi við ákvæði auglýsingar um friðlýsingu svæðisins. Unnin hefur verið stefnumótun um gerð stjórnunar- og verndaráætlana fyrir friðlýst svæði í umsjón Umhverfisstofnunar og verður hún höfð til hliðsjónar við gerð áætlunarinnar.

Í stefnumótuninni er lögð áhersla á samráð og samstarf, að stjórnunar- og verndaráætlanir séu einfaldar og upplýsingar settar fram á auðskiljanlegan hátt. Stjórnunar- og verndaráætlunin verður því ekki umfangsmikil og megin áhersla verður lögð á gildi svæðisins, markmið, aðgerðir og verndarráðstafanir, en nánari upplýsingar um svæðið verða aðgengilegar á heimasíðu Umhverfisstofnunar.

Gert er ráð fyrir að gildistími áætlunarinnar verði 10 ár og að með henni fylgi aðgerðaáætlun sem gildir til 5 ára. Að fimm árum liðnum verður aðgerðaáætlunin endurnýjuð og uppfærð. Stefnt er að því að gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir friðlandið á Ingólfshöfða verði lokið í lok ársins 2017.

Stjórnunar- og verndaráætlunin felur í sér eftirfarandi þætti:

1. Inngangur
  - a. Markmið
  - b. Eignarhald og umsjón
  - c. Lagalegur- og stjórnsýslulegur rammi og alþjóðleg ábyrgð
  - d. IUCN verndarflokkur
2. Lýsing
  - a. Mörk svæðisins
  - b. Gildi friðlýsta svæðisins
  - c. Náttúruminjar
    - i. Gróður

- ii. Dýralíf
- iii. Jarðminjar
- iv. Innviðir og mannvirki
- v. Rannsóknir og fræðsla

### 3. Markmið, stefna og leiðir

#### Umsjón með verkefninu

Verkefnastjórn og ritstýring stjórnunar- og verndaráætlunar verður í höndum fulltrúa Umhverfisstofnunar, en í samstarfshópi um gerð stjórnunar- og verndaráætlunarinnar á einnig sæti fulltrúi sveitarfélags, fulltrúi landeigenda og rekstraraðili á svæðinu.

#### Samráð og upplýsingagjöf

Samráð og upplýsingagjöf er lykillinn að því að sátt skapist um stjórnunar- og verndaráætlanir. Gert er ráð fyrir að helstu hagsmunaaðilar verði upplýstir um gerð áætlunarinnar og stefnt er að því að birta upplýsingar á heimasíðu Umhverfisstofnunar um framgang vinnunnar. Drög að stjórnunar- og verndaráætlun verður síðan auglýst til athugasemda fyrir almenning og gefst þá öllum kostur á að senda inn ábendingar og athugasemdir.

## VERK- OG TÍMAÁÆTLUN

### Ágúst 2017

- Skipaður samstarfshópur sem hefur umsjón með gerð stjórnunar- og verndaráætlunar.

### September 2017

- Samþykkt verk- og tímaáætlun
- Samþykkt samráðsáætlun
- Fyrsti fundur samstarfshóps

### Október 2017

- Gagnaöflun
- Lokið við gerð 1. og 2. kafla
- Markmið og stefnumótun lokið (3. kafli)

### Nóvember 2017

- Aðgerðum forgangsraðað og lokið við aðgerðaáætlun
- Fundur með landeigendum áður en drög verða kynnt almenningi
- Drög að stjórnunar- og verndaráætlun kynnt almenningi. Kynningartími 6 vikur

### Desember 2017

- Unnið úr athugasemdum frá kynningarferli
- Stjórnunar- og verndaráætlun send ráðherra til samþykkis